

LÖG

um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um tekjuskatt (vistvæn ökutæki o.fl.).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988, með síðari breytingum.

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða XXIV í lögnum orðast svo:

Við innflutning og skattskylda sölu nýrrar rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar er heimilt að fella niður virðisaukaskatt eða telja til undanþeginnar veltu fjárhæð að ákveðnu hámarki eins og nánar er kveðið á um í ákvæði þessu. Ákvæði þetta skal jafnframt gilda um niðurfellingu virðisaukaskatts við innflutning og fyrstu sölu notaðrar rafmagns-, vetnis- eða tengiltvinnbifreiðar enda sé ökutækið þriggja ára eða yngra á innflutningsdegi og söludegi miðað við fyrstu skráningu.

Tollyfirvöldum er heimilt við tollafgreiðslu að fella niður virðisaukaskatt af rafmagns- eða vetnisbifreið:

1. Að hámarki 1.440.000 kr. frá 1. janúar til og með 30. júní 2020.
2. Að hámarki 1.560.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023.

Tollyfirvöldum er heimilt við tollafgreiðslu að fella niður virðisaukaskatt af tengiltvinnbifreið:

1. Að hámarki 960.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2020.
2. Að hámarki 600.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2021.
3. Að hámarki 480.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Við skattskylda sölu rafmagns- eða vetnisbifreiðar er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

1. Að hámarki 6.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 30. júní 2020.
2. Að hámarki 6.500.000 kr. frá 1. júlí 2020 til og með 31. desember 2023.

Við skattskylda sölu tengiltvinnbifreiðar er skattaðila heimilt að undanþiggja frá skattskyldri veltu:

1. Að hámarki 4.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2020.
2. Að hámarki 2.500.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2021.
3. Að hámarki 2.000.000 kr. frá 1. janúar til og með 31. desember 2022.

Skilyrði undanþágu skv. 1.–5. mgr. eru eftirfarandi:

1. Ökutækið sé skráð sem bifreið í ökutækjaskrá, sbr. 9. tölul. 1. mgr. 3. gr. umferðarlaga, nr. 77/2019, og falli undir vöruliði 8703 eða 8704 í tollskrá.

